

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 95/2001

frá 13. júlí 2001

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 52/2001 frá 30. mars 2001⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/84/EB frá 19. janúar 2001 um ákvæði varðandi sumartíma⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 68b (áttunda tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/44/EB) í XIII. viðauka við samninginn:

„68c. **32000 L 0084**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/84/EB frá 19. janúar 2001 um ákvæði varðandi sumartíma (Stjtið. EB L 31, 2.2.2001, bls. 21).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Tilskipun þessi gildir ekki um Ísland.“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 158, 14.6.2001, bls. 69 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 30, 14.6.2001, bls. 24.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 31, 2.2.2001, bls. 21.

2. gr.

Texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/84/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 14. júlí 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 13. júlí 2001.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

E. Bull

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.